

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörð 72

— Samkvæmt allra- þegnsamlegustum tillögum ráðgjafans, eptir að honum hafði borizt 2. júní póknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi dags. 21. apríl p. á. hefur hans hátign konunginum í dag allramildilegast póknað að fallast á, að jarðaskipti megi hafa á kirkjujörðinni Höfða í Höfðasókn í Suður-Þingeyjarsýslu og bændaeygninni Grenivík í sömu sókn, þannig að hin fyrnefnda jörð verði eptirleiðis skoðuð sem bændaeygn að því er afgjaldsskyldu snertir, en hin síðarnefnda jörð hafi jafnrjetti við aðrar kirkjujarðir.

Þetta læt jeg ekki hjá líða að tilkynna yður, herra landshöfðingi til póknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum.

Brjef landshöfðingja til biskups um breytingu á skilmálum um niðurlagningu tveggja kirkna. — Þjer hafði, háæruverðugi herra, með póknanlegu brjefi, dags. 4. júní 2. p. m. sent mjer beiðni frá eigendum Steinakirkju í Eyvindarhólaprestakalli, þar sem

þeir fara þess á leit, að sú breyting verði gjörð á skilmálum þeim, sem í brjefi mínu 12. marz p. á. 1) eru settir fyrir niðurlagning Steinakirkju og Skógakirkja og bygging einnar sameiginlegrar kirkju á Eyvindarhólum, að þeim verði ekki gjört að skyldu að greiða meira en fjórðung alls kostnaðar við bygging hinnar fyrirhuguðu Eyvindarhóla-kirkju, í stað þriðjungs, sem þeim í ofanefndu brjefi samkvæmt tilboðum og samningi umboðsmanns þeirra er gjört að leggja fram. Ástæðan fyrir beiðni þessari er sú, að þeir hafi þegar tilboðið var gjört, einungis haft fyrir augum sameining Steina-kirkju við Eyvindarhóla-kirkju, en þegar nú Skógakirkja bætist við, þá raskist hlutfallið, svo að þeir verði tiltölulega of hart úti, en samkvæmt vitnisburði prófests stendur hinn nú framboðni fjórðungur kosnaðarins í líku hlutfalli við kirkjubygging fyrir allar hinar 3 sóknir Eyvindarhóla prestakalls, eins og þriðjungur kostnaðar við kirkjubygging fyrir Eyvindarhólasókn ásamt Steinasókn einni.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, að jeg samkvæmt tillögum yðar og að athugudum málavöxtum fellst á ofanefnda breytingu á ákvæðum fyrnefnds brjefs, að eigendur Steinakirkju standi að kirkjubyggingunni fyrir allar þrjár núverandi sóknir Eyvindarhólaprestakalls að einum fjórða hluta; en að öðru leyti skulu kostirnir vera óbreyttir.

Brjef landshöfðingja² til amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu um endurgjald á legukostnaði vinnuhjús. 74

6. júní.

Með brjefi, dagsettu 22. dag aprílmán. p. á., sem borizt hefur hingað beina leið, hefur oddvitinn í Bessastadahreppi í Gullbringusýslu í umboði hreppsnefndarinnar þar, áfrýjað til landshöfðingjans úrskurði Suður- og Vesturamtsins, dags. 27. maí 1884, er gjörir nefndum hreppi að skyldu að endurgjalda bæjarsjóði Reykjavíkur legukostnað stúlkunnar Elisabethar Jónsdóttur, sem vorið 1883 dó á sjúkrahúsinu í Reykjavík, og þangað var flutt að fyrirlagi læknisins, að upphæð 77 kr. 84 aur., og sem var greiddur úr bæjarsjóði

1) sjá Stjórnartíð. 1860 B. 37

2) Úrskurður þessi er kveðinn upp af forstjóra landsyfirdómsins samkv. 21. gr. auglýsingar 22. febr. 1875 með því að landshöfðinginn, sem nú er, hafði 27. maí 1884 sem þáverandi settur amtmaður lagt úrskurð á mál þetta.

74 Reykjavíkur, af því að eigur þær, er Elizabeth ljét eptir sig, ekki hrukku fyrir útfarar-
6. júní og legukostnaði hennar.

Hreppsnefndin í Bestaðahreppi, sem kannast hefur við, að Elisabeth hafi átt þar framfærslusveit, er hún andaðist, hefur haldið því fram, að sjer væri óskýlt að borga annað en meðalakostnað, læknishjálp og útfararkostnað hinnar látnu, en húsbónda hennar sem var, þá er hún var flutt á sjúkrahúsið, beri að lögum að greiða fyrir fæði og sjerstaka aðhjúkrun hennar á sjúkrahúsinu endurgjaldslaust.

Í hinum áfrýjaða úrskurði, sem að beiðni bæjarfógetans í Reykjavík var lagður á mál þetta af amtinu 27. maí 1884, er það tekið fram, að það liggi fyrir utan úrskurðarvald amtsins að ákveða, hvenær og að hvað miklu leyti húsbændur sjeu skyldir að fæða hjú sín endurgjaldslaust, þegar þau veikjast eða slasast meðan á vistartímanum stendur, því það hljóti, þegar einstakur maður á í hlut annarsvegar, að bera undir dómstólana að skera úr hverjum þeim ágreiningi, sem rís út af þessu atriði, hvort sem það er hjúíð sjálft, eða framfærsluhreppur þess, sem í hlut á hinsvegar.

Í öðru lagi segir amtið í nefndum úrskurði, að bæjarsjóður eigi beinan aðgang að framfærsluhrepp sjúklings þess, er hjer um ræðir, um endurgjald fyrir kostnað þann, sem leitt hefur af legu sjúklingsins, að svo miklu leyti, sem hann ekki fáið endurgoldinn af eptirlátnum munum hennar, en að framfærsluhreppurinn aptur, að svo miklu leyti húsbóndi sjúklingsins álizt skyldur að fæða hjúíð meðan það er veikt, eigi aðganginn að húsbóndanum með endurgjald fyrir fæðiskostnaðinum.

Á þessa röksemdaleiðslu og skoðun amtsins verð jeg að öllu leyti að fallast, sjá hjúalög 26, jan. 1866, 26. gr. Hinn áfrýjaði úrskurður skal því staðfestur, og tek jeg það jafnframt fram, að skjöl málsins bera með sjer, an hinn áfrýjaði úrskurður hefur verið tilkynntur hreppsnefndinni, og að það getur enga þýðingu haft í þessu máli, að ekki var leitað til hreppsnefndarinnar áður en sjúklingurinn var lagður á sjúkrahúsið.

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra amtmaður, til þóknanlegrar birtingar hlutaðeigendum og frekari ráðstöfunar.

75

Skýrsla

um styrktarsjóði prestaskólans 1889.

1. Prestaskólasjóðurinn.

Tekjur:

Kr. a.

1. Eptirtsöðvar við árslok 1888:

a. veðskuldabrfjef einstaks manns	kr. 300 »	
b. á vöxtum í landsbankanum	— 3223,91	3523 91

2. Vextir á árinu 1889:

a. af veðskuldabrfjefi	kr. 12, »	
b. af innstæðu í landsbankanum	— 60,36	72 36

3. Tekin innstæða úr landsbankanum	3220 »	
	Samtals:	6816 27

Gjöld:

1. Styrkur veittur stúdentum	50 »	
2. Lánað út gegn fasteignarveði	3220 »	
	Flyt:	3270 »